

- B. Gjaldskrá Orkubús Vestfjarðar, fyrir raforku, nr. 791 24. nóv. 1981:
 Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 19%
 Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 766 24. nóv. 1981:
 Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 19%

Iðnaðarráðuneytið, 4. febrúar 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

4. febrúar 1982.

Nr. 17.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitna frá og með 5. febrúar 1982:

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 794 24. nóv. 1981:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 19%

nema liðir A-1, A-2 og C-1, en auk þess hækki hitunarliðir D-1, D-2 og D-3 um 1 eyri/kWh.

Gjaldskrá annarra rafveitna sveitarfélaga hækki um 19%

Iðnaðarráðuneytið, 4. febrúar 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

22. janúar 1982.

Nr. 18.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 800,00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 280,00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 280,00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 280,00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum ..	— 60,00
6. Fyrir upphöfðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 365,00
7. Fyrir fjármark	— 70,00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross ..	— 40,00
9. Fyrir innköllun	— 365,00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 145,00

11. Fyrir ógildingarstefnu	kr. 365,00
12. Fyrir dómsbirtingu	— 365,00
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentim. ..	— 210,00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 34,00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 15. febrúar 1982. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 635 30. október 1981 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. janúar 1982.

Friðjón Þórðarson.

Jón Thors.